

Nr. 19-101 S 064 Ölver ÍS 38***Farþegar slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2101
Smíðaður: Skipabrautin hf, 1990, stál.
Stærð: 34,38 brl. 77,00 bt.
Mesta lengd: 19,12 m *Skráð lengd:* 17,28 m
Breidd: 4,80 m *Dýpt:* 4,18 m
Vél: Volvo Penta, 220 kW, 1990.
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 24



Ölver © Ágúst Haraldsson

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 6. apríl 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. júní 2019 var farþegaskipið Ölver á siglingu áleiðis í Vigur í Ísafjarðardjúpi. Veður: NA 6 m/s.

Þegar skipið var að nálgast Vigurgrunn tóku sig upp öldur rétt við hlið þess sem orsökkuðu óvænta veltu á því. Við það runnu farþegar af bekk sem staðsettur var á efsta þilfari stjórnborðsmegin og féllu hvor um annan á þilfarið.



Mynd 1 Bekkurinn sem farþegarnir sátu á

Einn farþegi lærbrotnaði en annar fékk áverka á mjöðm og slæma tognun í lærvöðva.

Við rannsókn kom fram:

- að bekkurinn var úr trefjaplasti og því háll. Athygli vakti að hann hafði verið settur ofan á lestarlúgu þar sem lúgutessarnir stóðu upp úr og hætta á að farþegar hrasu um (*sjá mynd*);
- að engin handrið voru til staðar til að grípa í við svona tilfelli nema ofan á bakinu á bekknum (*sjá mynd*);
- að fram kom að útgerð skipsins ætlar að láta smíða handrið fyrir framan bekkina og líma niður stamt gúmmíefni á bekkina fyrir næstu sumarútgerð.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að skipið fékk á sig öldur sem það valt undan.

Með áhættumati hefði mögulega verið hægt að koma í veg fyrir að þessi slysgildra hefði ógnað öryggi farþeganna.

Sérstök ábending:

Nefndin telur að frágangur á lúgutessum við bekkinn geti orsakað slys og hvetur útgerðaraðila til endurskoða fyrirkomulag þeirra.